



Móðir mín,

ÞÓRUNN ÓLAFSDÓTTIR,

andaðist að Hrafnistu 4. apríl.

Tryggvi Guðmannsson.



Móðir okkar,

LAUGHEIDUR JÓNSDÓTTIR,
Langagerði 106,

lést þann 31. mars.

Útförin fer fram mánudaginn 9. apríl kl. 13.30 frá Bústaðakirkju.

Börn hinnar látnu.



Eiginmaður minn og faðir okkar,

GUDJÓN M. GUDMUNDSSON,
Túngötu 9, Keflavík,

lést 4. apríl.

Guðrún Pálsdóttir og börn.



Móðir okkar,

SIGRÍÐUR ELÍN JÓNSDÓTTIR
frá Reyðarfirði,
Efstasundi 100,

verður jarðsöngin frá Fossvogskapelli föstudaginn 6. apríl kl. 15.00.

Börnin.



Þökkum innilega auðsýnda samúð við andlát og útför móður minnar, ömmu og langömmu,

SOFFÍU SIGURDARDÓTTUR.

Sérstakar þakkir til Droplaugarstaða.

Soffía Smith,

Karl G. Smith,
Örn Smith,
Gunnar Smith,
Hilmar Smith,Margrét Guðmundsdóttir,
Elsa Smith,
Edda Smith,
Anna Ottadóttir
og barnabarnabörn.

Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

ÓLAFÍU GUDMUNDSDÓTTUR,
Þórufelli 4,
áður Hólmgarði 10.Ólína Jónsdóttir,
Guðmundur Jónsson,
Jóna Guðmundsdóttir,
Hrafnhildur Guðmundsdóttir,
Gísli Guðmundsson,Magnús Óttar Magnússon,
Sigurbjörg Sigurbjörnsdóttir,
Oddur Magnússon,
Birgir Bjarnason,
Stefanía Garðarsdóttir,
barnabörn og barnabarnabörn.

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför mannsins míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

GUDMUNDAR JÖRUNDSSONAR,
brunavarðar,
Eyrarvegi 17, Akureyri.

Sérstakar þakkir til samstarfsmanna hans fyrir minningargjöf og annan söma við útför hans.

Guð blessi ykkur öll.

Vilborg Guðmundsdóttir,
börn, tengdabörn og barnabörn.

Þökkum innilega samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

BRYNJÓLFS EINARSSONAR
frá Reyni í Mýrdal.Sigurður Brynjólfsson,
Þórnanna Brynjólfsdóttir,
Einar Brynjólfsson,
Sígús Brynjólfsson,
Sigríður Brynjólfsdóttir,
Vilborg Ragnh. Brynjólfsd.,Ingibjörg Markúsdóttir,
Gísli Brynjólfsson,
Bjarnveig Sigurbjörnsdóttir,
Stefán Stefánsson,
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigríður Elín Jónsdóttir Minning

Fædd 10. nóvember 1893
Dáin 30. mars 1984

Í dag verður gerð jarðarför móður minnar, Sigríðar E. Jónsdóttur, frá Fossvogskapelli.

Hún lést 30. mars sl. eftir langa og erfiða vanheilsu.

Sigríður var fædd 10. nóvember árið 1893 í Bolungarvík á Ströndum. Foreldrar hennar voru Jakobína Þorleifsdóttir, fædd og alin upp í Bolungarvík, og Jón Elíasson, ættaður úr Jökulfjörðum. Þegar þau giftust og settu saman bú, stofnuðu þau nýbýli frá heima-
jörðinni og nefndu Sel. Þar reistu foreldrar móður minnar sitt heimili og bjuggu þar alla tíð meðan þeim entist heilsa. Þar fæddust þeim sex börn, fjórir drengir og tvær stúlkur.

Móðir mín minntist mjög oft á æskuheimili sitt. Einkum voru henni hugleiknar þær stundir er hún sinnti bústörfum með föður sínum og systkinum, og eins við að sinna kindum og heyskaparstörfum, en skýrastar af æskuminningum hennar voru ferðir þeirra Bolvíkinga norður að Horni til eggja- og fuglatöku.

Þeir bændurnir í Bolungarvík, Finnbogi og Jón, áttu saman festi og fóru því árlega norður að Horni með festarlið sitt til eggjatöku. Farið var sjóleiðina frá Bolungarvík, fyrir Horn, inn á Hornvík og aðsetur haft hjá Hornabændum meðan á eggjatökunni stóð.

Næsta dag eftir komuna að Horni var farið á fætur við rismál, ferðin upp á bjargbrún hafin og stefnan tekin austan við Kálfa-
tinda, en það var staður Bolvíkinga.

Fynglingurinn í þessari ferð var Jón Elíasson, faðir Sigríðar. Hann gegndi um langt árabil því vandasama starfi að vera sigmaður Bolvíkinga og fór honum það vel úr hendi því aldrei henti hann eða hans fólk neitt óhapp eða slys, svo sögur fari af.

Dagur var að kveldi kominn og allar eggjaskrinur fullar af hinum eftirsóta og gómsæta mat, svartfuglseggjunum. Ferðin niður af bjargbrúninni var hafin. Það var erfiður og vandasamur flutningur að koma hinum dýrmæta feng heilum heim, en það var þess virði að leggja mikið á sig, því verkaunin voru mikil. Eggin færðu aftur roða í fola vanga barnanna og þau endurnýjuðu lífskraft hinna fullorðnu eftir hinn langa og dimma vetur norðursins.

Árið 1915 hóf Sigríður búskap í Hraundal við Ísafjarðardjúp með væntanlegum eiginmanni sínum, Pétri Friðrikssyni frá Dröngum. Þau giftu sig árið 1917. Þó að Hraundalur hefði ýmsa kosti sem bújörð, þá voru veður þar oft mjög válynd og fjárskadar miklir af þeim hjónum. Ungu hjónin í Hraundal urðu fyrir miklum fjárskada og misstu mikinn hluta bústofsins. Af þeim orsökum hafa þau tekið þá ákvörðun að fá sér nýtt jarðnæði. Þau fengu ábúð á Skjaldar-Bjarnavíkinni, sem var nýrsta bærinn í Strandasýslu eða hinu megin við Drangajökul frá Hraundal séð. Í þá daga var tæpast um sjóleið að ræða, ferðir strjálar og langt til næstu hafnar. Þau tóku þá ákvörðun að flytja með fólk sitt og fénað yfir Drangajökul þveran og niður í Meyjardalinn á Dröngum.

Um þessa búferlaflutninga Péturs og Sigríðar yfir Drangajökul hefur áður verið ritað og mun það ekki gert hér frekar að sinni.

Pétri og Sigríði vegnaði að mörgu leyti vel í Skjaldar-Bjarnavík. Þau náðu upp nokkuð góðum bústofni. Nú voru börnin orðin sex. Þó hagur þeirra batnaði, var Skjaldar-Bjarnavíkin mjög afskekkt og erfið jörð til aðdráttu. En það sem mestu ræð um að þau tóku það ráð að flytja úr Skjaldarvík var að nú voru börnin farin að stálpast og þurftu að hefja skólagöngu. Skólaganga barnanna í Skjaldarvík var, ef best lét,

þriggja daga ferð yfir firði á sjó með sæbröttum fannbörðum fjallaskörðum. Næsti skóli var á Finnbogastöðum í Trékyllisvík, svo skólaganga frá Skjaldarvík var ekki fýsileg.

Árið 1935 flytja þau svo í Reykjavík. Þar var þá nýbyggð sildarverksmiðja og þorp að myndast í kringum hana á Djúpa-
vík. Búskapurinn í Reykjavíki gekk vel og þar bjuggu þau í átján ár eða þar til þau létu af búskap og fluttu vestur á Hellissand til Matthíasar sonar síns sem var þar þá kaupfélagsstjóri.

Þau dvelja nokkur ár á Hellissandi og taka fullan þátt í atvinnulífinu meðan heilsa leyfði, en þegar hún tók að bila, og þá einkum hjá Pétri, fluttu þau til Reykjavíkur, keyptu sér litla íbúð við Efstasund 100 og bjuggu þar á meðan þau gátu séð um sig sjálf.

Foreldrar mínir voru þakklátir öllum hinum fjölmörgu samstarfsmönnum og vinum sem þau eignuðust á langri starfsævi.

Í minningunni verða þau ekki aðskilin. Þau eru eitt. Þau stóðu saman í blíðu og stríðu eins og þau hétu hvort öðru í upphafi búskapar síns. Þau eignuðust sex börn eins og fyrr segir og þeirra helsta áhugamál var að styðja þau til þess að afla sér þekkingar og menntunar, þeirrar menntunar sem þau sjálf höfðu ekki möguleika á.

Börn þeirra eru: Guðmundur (látinn), var giftur Jóhönnu M. Guðjónsdóttur; Guðbjörg, gift Gunnari Guðjónssyni; Jóhannes, giftur Kristínu Björnsdóttur; Friðrik, giftur Jóhönnu H. Sveinbjörnsdóttur; Matthías, giftur Kristínu Þórarinsdóttur og Jón, giftur Rósu Sigtryggisdóttur.

Við, börnin þeirra og barnabörn, munum ævinlega hugsa til þeirra með þakklæti og virðingu. Guð blessi minningu þeirra.

Friðrik Pétursson

Sigríður, amma mín, fæddist að Seli í Bolungarvík á Ströndum. Hún var eitt af sex börnum hjónanna Jóns Elíassonar og Jakobínu Þorleifsdóttur. Amma ólst upp og dvaldi hjá foreldrum sínum að Seli fram yfir tvítugt. Hún var einkar félagslynd, greind og fróðleiksfús. Sem ung stúlka var hún tíðum nefnd Strandasól, því hún þótti afar falleg og bar hún það með sér alla ævi. Skólaganga hennar var eins og almennt gerðist þá, ekki löng. Þrá sinni til meiri þekkingar svalaði hún með lestri góðra bóka. Hennar mesta yndi var að ræða efni og innihald þeirra.

Guðlaugur Már Reynisson - Kveðja

Laugardaginn 17. mars barst okkur sú harmafregn að vinur okkar og góður félagi, Guðbergur Már Reynisson, hefði látist af slysförum aðfaranótt þess sama dags.

Í fyrstu neituum við að trúá því að Guji væri dáinn. Örvænting helltist yfir okkur, þetta gat ekki verið satt. En við fengum engu breytt, við urðum að horfast í augu við þá hræðilegu staðreynd.

Það er ógerlegt að ímynda sér



Amma giftist afa mínum, Pétri Friðrikssyni frá Dröngum í Árneshreppi, árið 1917. Þau eignuðust sex börn sem upp komust. Þau eru Guðmundur vélstjóri, látinn; Guðbjörg, húsfreyja í Kópavogi; Jóhannes, kennari í Reykjavík; Friðrik, kennari í Kópavogi; Matthías, skristofustjóri á Hvolsvelli og Jón, vélstjóri í Búdardal.

Fyrstu búskaparárin bjuggu þau að Hraundal við Djúp. 1922 fluttu þau norður yfir Drangajökul til Skjaldar-Bjarnavíkur á Ströndum. Í þeirri ferð hrepptu þau aftakaveður, en komust þó klakklaust til byggða. Skjaldar-Bjarnavík er mjög afskekkt og umlukt fjöllum. Amma og afa höfðu mikinn áhuga á að mennta börnin og fluttust m.a. þess vegna til Reykjavíkur í sömu sveit 1935. Eftir átján ára búskap þar brugðu þau búi og fluttust til Hellissands á Snæfellsnesi. Þar voru þau í skjóli soanr síns, sem þá var kaupfélagsstjóri þar. Árið 1963 fluttu þau til Reykjavíkur og keyptu sér íbúð í Efstasundi 100.

Það var einmitt í Efstasundinu sem ég kynntist afa og ömmu. Þá var dagur að kvöldi kominn í lífi þeirra, en mitt rétt að byrja. Ég varð strax auðsýntur á heimili þeirra og vandi því komur mínar til þeirra nær daglega í mörg ár, enda voru þau með eindæmum barngöð og gestrisin.

Afi var farinn að heilsu síðustu æviárin. Þá hjúkraði amma honum af svo mikilli kostgæfni, alúð og nærfærni, að seint mun gleymast þeim er til þekktu. Þá var amma mín á nírhúsdaldri. Þegar afi minn lést 1979, niptu og tveggja ára, voru kræftar hennar á þrotum. Eftir lát hans dvaldi hún um tíma hjá dóttur sinni og tengdasyni og allra síðustu árin var hún á Grund.

Ég mun ávallt minnst ömmu og afa með þakklæti fyrir alla þá umhyggju og hlýju, sem ég varð aðnjótandi á heimili þeirra. Blessuð sé minning þeirra.

Hrönn Jóhannesdóttir



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

ÓLAFUR G. JÓNSSON
frá Brautarholti í Vestmannaeyjum,

verður jarðsöngin frá Landakirkju laugardaginn 7. apríl kl. 16.00.

Sigrún Lúðvicsdóttir,
börn, tengdabörn og barnabörn.